



Akureyri

Fræðslusvið Akureyrarbæjar

## **Verklagsreglur um auglýsingar í skólum Akureyrarbæjar og viðmið um útsendingar úr Mentor**

### **Starfshópur**

Anna Ragna Árnadóttir  
Elías Gunnar Þorbjörnsson  
Sigurbjörg Rún Jónsdóttir

**Janúar 2014**

## **Tillögur að reglum og verklagi um auglýsingar í skólastarfi og viðmiðum um útsendingar úr Mentor upplýsingakerfi.**

Algengt er að beiðnir berist skólum Akureyrarbæjar frá utanaðkomandi aðilum um að fá að auglýsa og kynna nemendum, foreldrum og starfsfólki ýmsa starfsemi, vöru og þjónustu sem ætlaðar eru þessum markhópi. Skólastjórum hefur þótt óljóst hvað má leyfa og hvað ekki og hafa stjórnendur skólanna reglulega óskað eftir verklagsreglum eða viðmiðum um hvernig afgreiða skuli beiðnir af þessum toga.

Síðla hausts 2013 var ákveðið á framkvæmdaráðsfundi fræðslusviðs að setja saman lítinn starfshóp til að gera tillögu að verklagsreglum um auglýsingar í skólum Akureyrarbæjar og viðmið um útsendingar úr Mentor upplýsingakerfi. Hópurinn skipa: Anna Ragna Árnadóttir, leikskólastjóri Krógabólis, Elías Gunnar Þorbjörnsson, skólastjóri Lundarskóla og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri á fræðslusviði.

### **Reglur um auglýsingar í skólum Akureyrarbæjar**

Hópurinn fór yfir, og hafði til hliðsjónar, reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í september 2013. Einnig voru reglur og leiðbeiningar um neytendavernd barna skoðaðar og þá hafði hópurinn að leiðarljósi að miða að því að einfalda og skýra reglur og viðmið í þessum efnum. Einnig var rætt um mikilvægi þess að skapa vettvang til að koma ákveðnum upplýsingum um íþrótt- og tómstundastarf barna og unglinga á framfæri við foreldra.

Hópurinn telur rétt að leitast við að hafa almennar reglur sem eru einfaldar, skýrar og upplýsandi um það sem er leyfilegt að auglýsa innan skóla Akureyrarbæjar og leiðbeina með hvaða hætti það skal gert. Reglurnar taka til auglýsinga um ýmsa viðburði, þjónustu og vöru. Einnig taka þær til gjafa til skóla Akureyrarbæjar og/eða nemenda til persónulegra eignar.

Hér má finna slóðir um neytendavernd barna:

*Talsmaður neytenda:* <http://www.tn.is/pages/704>

*Umboðsmaður barna:* [http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/neytendavernd\\_barna/#Kafli\\_4](http://www.barn.is/adalsida/malaflokkar/neytendavernd_barna/#Kafli_4)

### **Leiðir til að svara beiðnum sem berast skólunum um auglýsingar, kynningar og/eða gjafaúthlutanir**

Gert var skema að fyrirmynd Reykjavíkurborgar sem skólastjórnendur geta stuðst við þegar beiðnir berast frá aðilum um að kynna eða dreifa auglýsingum og öðru efni í skólunum. Tilgangur þessa skema er að auðvelda stjórnendum að svara slíkum beiðnum. Merking í reiti gefur til kynna hvar viðkomandi aðili getur haft samband vegna auglýsinga og/eða kynninga. Ef ekki er hægt að verða við beiðni viðkomandi eru aðrar leiðir sem skólastjóri getur bent á.

## Reglur um auglýsingar í skólum Akureyrarbæjar

1. **Auglýsingar** eru eingöngu leyfðar í skólum Akureyrarbæjar þegar um er að ræða auglýsingar sem tengjast með beinum hætti starfsemi á vegum skólanna eða formlegum samstarfsverkefnum sem skólarnir eða fræðslusvið er þátttakandi í. Þessar auglýsingar geta verið í formi veggspjalda, upplýsinga á heimasíðu skólanna og fræðslusviðs eða tilkynningar til foreldra í gegnum Mentor upplýsingakerfi.
2. **Beiðnum** um auglýsingar eða kynningar sem berast skólastjórnendum skal svara með því að styðjast við skemað: *Leiðir til að svara beiðnum sem berast skólum um auglýsingar, kynningar og gjafaúthlutanir.*
3. **Kynningarefni** sem samþykkt hefur verið að dreifa með einhverri ofangreindra leiða í gegnum skóla Akureyrarbæjar og/eða fræðslusvið skal leitast við að beina til foreldra en ekki nemenda.\*
4. **Gjafir** frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum til skóla Akureyrarbæjar má þiggja ef skólastjóri telur að þær samræmist stefnu og sjónarmiðum fræðslusviðs /Akureyrarbæjar og með því skilyrði að ekki séu á þeim auglýsingamerkingar sem beinast sérstaklega að börnum. Dæmi um slíkar gjafir eru t.d. endurskinsvesti fyrir bekkjardeildir og leikskóla og ýmislegt fleira til notkunar í starfsemi skólanna. Skólarnir geta greint frá gjöfum af þessu tagi á heimasíðum sínum, í fréttabréfi og/eða með tölvupósti til foreldra í gegnum Mentor. Ekki er veitt leyfi til að dreifa gjöfum í skólunum á skólatíma sem ætlaðar eru nemendum til einkaeignar og ekki er heimilt að veita þriðja aðila leyfi til slíks (getur t.d. átt við um reiðhjólahljálma, bækur og ýmsan auglýsingavarning). Skólastjórnandi getur veitt utanaðkomandi aðilum leyfi til að nýta húsnæði skólanna og bjóða til kynningar.

\*Þegar um unglinga er að ræða getur í einstaka tilfellum verið æskilegt að láta kynningarefni í hendur þeirra. Skólastjóri ber ábyrgð á því hvort þetta er gert og ber jafnframt ábyrgð á þeirri ákvörðun.

Leiðir til að svara beiðnum sem berast skólum Akureyrarbæjar um auglýsingar, kynningar og gjafaúthlutanir

| Tegund beiðna  | Leið sem hægt er að fara innan skólanna * |                                       |  |                    |   |                                     | Leið sem hægt er að fara utan skólanna        |                               |                           |
|--|---|---------------------------------------|--|--------------------|---|-------------------------------------|---|-------------------------------|---------------------------|
|  | Í tölvupósti til starfsfólks              | Í skólahúsnæði eftir að kennslu lýkur | Tölvupóstur til foreldra í gegnum Mentor | Heimasíða skólanna | Fréttabréf skólanna (þegar og ef við á) | Veggspjöld í skólunum (þegar við á) | Dreifibréf í heimahús eða almenn póstpjónusta | Veggspjöld á almenningsstöðum | Almennir auglýsingamiðlar |
| Auglýsing um viðburð, íþrótta-, tómsunda- og/eða forvarnarstarf á vegum skólanna, fræðsluviðs eða Akureyrarbæjar | ✓   | ✓                                     | ✓  | ✓                  | ✓                                       | ✓                                   | ✓   | ✓                             | ✓                         |
| Kynningar/auglýsingar á almennu íþrótta- og tómsundastarfi ætlað börnum á Akureyri **                            |   | ✓                                     |  |                    |   |                                     | ✓   | ✓                             | ✓                         |
| Auglýsingar á viðburðum í framhalskólum sem eru á vegum skólayfirvalda**   |   |                                       |  |                    |   | ✓                                   | ✓   | ✓                             | ✓                         |
| Tilkynning um dreifingu persónulegra gjafa til barna, s.s. hjálmar, bækur og fleira ***                          |   |                                       | ✓  |                    |   |                                     | ✓   | ✓                             | ✓                         |
| Auglýsing um viðburð í skólahverfinu   |   |                                       |  |                    |   |                                     | ✓   | ✓                             | ✓                         |
| Auglýsing um stjórnmalafundi   |   |                                       |  |                    |   |                                     | ✓   | ✓                             | ✓                         |
| Aðrar auglýsingar en fram koma hér ofar um vöru og/eða þjónustu  |   |                                       |  |                    |   |                                     | ✓   | ✓                             | ✓                         |

\* Þegar ✓ er merkt í reit þá þýðir það að þá leið er hægt að nota við auglýsingar/kynningar/gjafaúthlutanir

\*\* Í samráði við skólastjórnendur

\*\*\* Ákveðin hefð er komin fyrir tilkynningu til foreldra varðandi hjálma frá Kiwanis og bókagjafir t.d. Nýja testamentið

# Viðmiðunarreglur um útsendingar í gegnum Mentor upplýsingakerfi

## 1. Skólarnir

Hver og einn skólastjóri ber ábyrgð á Mentor upplýsingakerfinu í sínum skóla.

Meginhlutverk Mentor upplýsingakerfis er að halda utan um upplýsingar um skólagöngu nemenda svo sem mætingar, ástundun, námsframfarir, námsárangur, heimavinnu, hegðun og fleira og miðla til foreldra.

Foreldrar barna fá tilkynningar í Mentor um starfið í skólanum og/eða viðburði sem skólinn stendur fyrir eða er þátttakandi í. Í Mentor upplýsingakerfinu hafa foreldrar sem eiga nemendur í sama bekk/árgangi/deild tök á að senda tölvupóst sín á milli um skólagöngu og/eða félagsstarf nemenda bekkjarins/árgangsins.

## 2. Foreldrafélög

Skólastjóri getur veitt formanni foreldrafélags skólans leyfi til að senda upplýsingar í gegnum Mentor. Þannig getur foreldrafélag náð til allra foreldra barna í skólanum og er eingöngu leyfilegt að veita upplýsingar um félagsfundir, fræðslufundi, forvarnarstarf, haust og vorfagnað og fleira með hagi barna þeirra að leiðarljósi.